

**Fundinn sátu:**

Steinn Jóhannsson, Stefan Cristian Otte, Þórhalla Steinþórsdóttir, Helga Jóhannsdóttir(ritari), Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir (foreldraráð), Hildur Sverrisdóttir, Karl Sigurðsson, Ragnar Guðmundson, Hekla Baldursdóttir (NFMH), Þorgerður Diðriksdóttir í fjarveru Margrétar Nordahl og Unnur Lilja Hermannsdóttir(formaður).

**Dagskrá fundarins :**

Efni fundarins er eftirfarandi skv. fundarboði

1. Rekstraráætlun fyrir 2019 kynnt
2. Sjálfsmatsskýrsla MH (ef þið hafið tíma þá endilega smellið á vefslóðina)
3. Um samninga MH við dansskóla vegna listdansbrautar
4. Umsóknir um stöðu konrektors
5. Önnur mál

1. Rekstraráætlun (Steinn).
  - a. Skólinn er nýbúinn að skila rekstraráætlun sem gerð er af fjármálastjóra og rektor. Gert er ráð fyrir einhverjum rekstrarlegum afgangi á þessu ári en það er háð því að skólinn fái bætur fyrir hækkun á kjarasamningum kennara sem voru afturvirkar til október 2017. Einnig er það háð bótum vegna hækkunar á húsaleigu. Nokkrar vangaveltur eru um áhrif hás aldurs kennara við skólann, veikindaleyfa kennara og biðlauna rektors. Búið að koma þessum áhyggjum á framfæri og spurning hvort skólanefnd getur aðstoðað við að fylgja þeim eftir. Umræða um að áhyggjur eins og þessar þyrftu að koma fram fyrr á fjarhagsárinu svo þær væru sýnilegar þegar fjárlög væru gerð. Upphæð ýmissa sérframlaga, t.d. vegna norsku og sænsku kennslu, listdansskólanna og IB kennslu, sem skólinn á von á að hverju ári, eru á huldu og erfitt að gera áætlanir þegar þær liggja ekki fyrir. Búið að benda Mmr á þessa vankanta.
  - b. Stefnt er að endurnýjun á tölvukosti fyrir nemendur á næstu önn, þar sem brýn þörf er á því. Búið er að fartölvuvæða kennara og þeir eru núna hver með sína tölvu í kennslu, engar borðtölvur í stofum skólans.
  - c. Einhver aukning verður í ferðakostnaði þar sem aukning mun verða á ferðum starfsmanna á námskeið erlendis. Ein af athugasemdunum við IB skýrslu skólans var að senda þyrfti IB kennara oftár á námskeið erlendis. Úr því hefur nú þegar verið bætt.
  - d. Rektor fór aðeins yfir yfirvinnu og mannráðningar.
  - e. Skólanefnd spyr hvernig þau geti aðstoðað við að auka skilning og koma á framfæri þeim atriðum sem eru að valda skólanum erfiðleikum og er það aukinn launakostnaður sem vegur mest. Lagt er til að umræða verði um fjármál skólans á hverjum fundi og staðan tekin og rædd. Spurning um að byrja núna að hugsa um hvað viljum við gera á næsta skólaári og sækja þá peningar fyrr svo þeir séu með í fjárlögum.
2. Sjálfsmatsskýrsla (Steinn/Helga)
  - a. Skýrslan í ár er styttri þar sem vísað er í skýrslur stoðþjónustu á heimsíðu skólans í staðin fyrir að hafa tölfræði frá þeim inni í skýrslunni. Skýrslan nær yfir V2017, H2017 og vor 2018. Næsta skýrsla mun miða við skólaárið en ekki almanaksárið. Fengum nokkrar athugasemdir sem við munum bregðast við í næstu skýrslu.
  - b. Eitt sem margir tóku eftir í skýrslunni var að nemendur MH sofa minna en aðrir framhalskólanemendur og er það áhyggjuefni.
  - c. Athugasemdir frá MMR snerust um að skoða betur þær spurningar sem lagðar eru fyrir í kennslukönnun og skýra betur hvað stjórnumerktar einkunnir stæðu fyrir hjá nýnemum.
3. Samningar MH við dansskóla vegna listdansbrautar(Steinn)
  - a. Óljóst með fyrirkomulag í náinni framtíð og mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur að framtíðarlausn.
4. Önnur mál
  - a. Rektor hitti stjórn Hollvínasamtakanna í hádeginu í dag. Þau vilja rækta tengslin betur og fara í samstarf um ýmislegt. T.d. að bjóða útskriftarágöngum í heimsókn í skólann og tengjast NFMH betur og aðstoða eða leiðbeina um framhaldsnám. Vilja líka leggja sitt að

mörkum við að kynna skólann sbr. myndbönd sem voru gerð síðasta vor. Rektor bauð þeim að t.d væri hægt að selja barmmerki skólans í fjáröflunarskyni. Nánar má lesa um samtökin á heimasíðu skólans.

- b. Rektor bauðst til að senda vikupistil sinn á skólanefndina þeim til gamans.
  - c. Nýtt fyrirkomulag á brunavörnum var kynnt þar sem núna ber öllum í skólanum að yfirgefa bygginguna ef brunakerfið fer í gang.
  - d. Skólanefnd nefndi áfangann „hjólað í skólann“. Áfanginn hjólað í skólann er í gangi í nokkrum skólum og spurning um að skoða þetta betur hjá okkur og nýta þekkingu og reynslu annarra skóla í þeim efnum og tengja við Heilsueflandi framhalskóla. Rektor hefur mikinn áhuga og þetta hefur verið rætt við íþróttakennara skólans.
  - e. Skólanefnd spurði um náms og starfsráðgjöf fyrir útskriftarnema, hvort markviss kynning væri í gangi. Rektor sagði að kynning væri í lífsleikninni og áhugasviðspróf hjá náms- og starfsráðgjöfum. Það mætti auka þetta og gætu hollvinasamtökin verið einn liður í því.
  - f. Forsætisráðherra kemur í heimsókn í skólann 16.nóv í tilefni dags íslenskrar tungu.
5. Umsóknir um stöðu konrektors (Steinn)
- a. Rektor fór yfir umsóknir um stöðu konrektors en alls bárust 6 umsóknir, þ.a. ein innanhússumsókn. Stefnt að því að boða í viðtöl í næstu viku. Formaður skólanefndar og fjármálastjóri munu taka þátt í viðtölunum.

Næsti fundur miðvikudaginn 30.janúar 2019

Ritari: Helga Jóhannsdóttir